

Föstudaginn 4. maí 1956.

Nr. 10/1956. **Ákærvaldið** (Tómas Jónsson)

gegn

Magnúsi Jónssyni (Sigurgeir Sigurjónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til þess, sem rakið er í héraðsdómi, verður að telja nægjanlega leitt í ljós, að ákærði hafi aðfaranótt 13. marz 1955 gert tilraun til að aka bifreiðinni R 608, enda þótt hann væri þá mikið ölvaður. Varðar verknaður þessi við þau lagaboð, sem í héraðsdómi greinir, og þykir mega staðfesta ákvæði hans um refsingu ákærða að öðru en því, að greiðslufrestur sektar verði fjórar vikur frá birtingu dóms þessa. Þá ber og að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar er fjórar vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Magnús Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Tómasar Jónssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. desember 1955.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali, dags. 15. júlí s.l., gegn ákærða, Magnúsi Jónssyni heildsala, Bústaðavegi 97, hér í bæ,

fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 13. marz s.l., um klukkan 03.00, ölvaður gert tilraun til þess að aka bifreið sinni R 608, þar sem hún stóð utan vegar skammt fyrir vestan Elliðaár, en brot þetta telst varða við 1. mgr. 23. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 um breytingu á bifreiðalögum.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði hefur náð sakhæfisaldri, fæddur 15. september 1911 að Fljótsbakka í Fljótshlíð.

Sakavottorð hans hljóðar svo:

- 1939 13/6 Undir rannsókn fyrir meinta ölvun við bifreiðarakstur. Fellt niður.
- 1940 13/3 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, sýknaður af ákæru réttvísinnar fyrir meint brot gegn 26. kap. hegningarlaganna. 800 króna sekt og ólögmatúr ágóði, kr. 1046.62, gerður upptækur fyrir brot á lögum nr. 70/1937, lögum nr. 52/1925 og lögum nr. 62/1938.
- 1942 29/5 Sátt, 25 króna sekt fyrir að sinna ekki stöðvunarmerki lögregluþjóns.
- 1950 15/3 Kærður fyrir árás. Fellt niður samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins 21/9 1950.
- 1954 29/3 Sátt, 50 króna sekt fyrir brot á 30. gr. lögreglusamþykktar og 7. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt sunnudagsins 13. marz s.l., kl. 03.15, voru lögregluþjónarnir Gunnar Einarsson og Jóhannes Björgvinsson á leið um Suðurlandsbraut. Skammt fyrir vestan Elliðaár sáu þeir bifreiðina R 608 utan vegar. Var hún í gangi, og sat ákærði undir stýri, áberandi ölvaður að sögn lögreglumannanna. Ákærði var nú fluttur á lögreglustöðina. Neitaði hann að hafa ekið, en kvað konu sína hafa gert það. Jóhannes Björgvinsson lögregluþjónn hringdi heim til konu ákærða, og kvaðst hún hafa ekið bifreiðinni frá Krossamýri 14 og að Elliðaánum, en orðið þar sundurorða við mann sinn, og hafi bifreiðin staðið á vegkantinum, þegar hún fór af staðnum. Ákærði neitaði að láta taka úr sér blóðsýnishorn og var geymdur í fangaklefa í lögreglustöðinni til morguns.

Fyrir dómi játaði ákærði að hafa verið drukkinn, en kveðst ekki hafa ekið bifreið sinni sjálfur, heldur kona sín. Hafi hún lent barna út af veginum, en ekki vissi hann orsakir þess. Reyndi hún að ná bílnum upp, en tókst ekki og fór burt til þess að ná í hjálp,

að því er ákærði hélt. Ákærði kvaðst ekki muna, hvort hann reyndi að ná bifreiðinni upp á veginn, og ekki mundi hann heldur, hvort bifreiðin var í gangi, þegar kona hans fór, en taldi líklegt, að bifreiðin hafi verið í gangi, er lögreglan kom að henni, þótt hann vissi það ekki með vissu. Vitnið Hrefna Þórðardóttir, kona ákærða, ber, að hún hafi ekið R 608 frá Krossamýrarvegi 14, þar sem hún var gestkomandi ásamt manni sínum umrætt kvöld. Er komið var nokkurn spöl vestur fyrir Elliðaárbrýrnar, þurfti maður hennar að skreppa út, en er hann kom inn í bílinn aftur, fór hann að tala um, að hún æki ekki lengur. Varð úr þessu orðasenna milli þeirra, og skildi hún bílinn eftir og fór gangandi heimleiðis. Til þess að ákærði tæki síður bílinn, kvaðst hún hafa ekið honum út af veginum. Drap hún á bifreiðinni, áður en hún fór, og tók kveikjúláslykilinn með sér, en ákærði hafði annan lykil. Vitnið kveður það ekki rétt í frásögn ákærða, að hún hafi reynt að ná bifreiðinni upp á veginn aftur. Út af frásögn sinni í símtalinu við Jóhannes Björgvinsson, sem áður getur, sagðist vitnið þá ekki hafa verið komið lengra í frásögn sinni en er hún stanzaði á vegkantinum og kveðst ekki hafa verið spurð nákvæmlega út í þetta í símanum. Vitnið Jóhannes ber hins vegar, að kona ákærða hafi sagzt hafa skilið bílinn eftir á vegkantinum, og er vitnið sagði henni, að bifreiðin væri þar ekki, virtist það koma flatt upp á hana. Vitnið Hrefna gaf skýrslu sína strax um morguninn, áður en hún gat haft samband við ákærða, og þykir verða að leggja til grundvallar skýrslu hennar fyrir dómi um þetta. Er ákærða var gerður kunnur framburður konu sinnar, kvað hann famburð hennar hljóta að vera réttan, enda hafi hún verið ódrukkinn, en hann muni ógerla eftir atvikum sökum ölvunar. Hélt ákærði fast við það, að hann hefði ekkert ekið bifreiðinni.

Lögregluþjónarnir Jóhannes Björgvinsson og Gunnar Einarsson hafa báðir borið, að bifreið ákærða hafi verið í gangi, er þeir komu að, og var ákærði undir stýri í bifreiðinni og einn í henni. Þá bera vitnin, að sýnilegt hafi verið af hjólförum, að reynt hafi verið að aka bifreiðinni burt, en ekki tekizt, sökum þess að hjólin höfðu sokkið í aarmel þann, sem bifreiðin stóð á sunnan Suðurlandsbrautar.

Verður með framburði lögregluþjónanna og öðru því, sem fram er komið í málinu, að telja nægilega sannað, að ákærði hafi gert tilraunir til að aka bifreiðinni R 608 umrætt sinn, og er með eigin játningu hans sannað, að hann var þá mikið ölvaður.

Verjandi ákærða hér fyrir dómi hefur bent á það, að enda þótt talið yrði sannað, að ákærði hefði gert tilraunir til að aka bifreið

sinni í umrætt skipti, þá hafi verið um ónothæfa tilraun að ræða, og beri að láta refsingu hans eftir atvikum niður falla samkvæmt 3. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt framansögðu þykir ákærði hafa orðið sannur að því að gera tilraun til að aka bifreið ölvaður. Í 1. mgr. 23. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga er slíkur tilraunaakstur mæltur refsiverður. Dómurinn lítur svo á, að eins og atvikum er háttað í máli þessu, beri ekki að beita ákvæði 3. mgr. 20. gr. hegningarlaganna um ónothæfa tilraun, enda þótt talið yrði sannað, að ekki hefði verið unnt að aka bifreið ákærða með eigin vélarafli burt af þeim stað, þar sem hún sat föst í umrætt skipti, enda verður að telja, að honum hafi verið önnur ráð tiltækileg til að ná upp bifreiðinni, hefði honum gefizt ráðrúm til.

Með atferli sínu hefur ákærði brotið þau lagaákvæði, sem í ákæruskjali greinir, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með varðhaldi í 10 daga, greiðist sektin ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaganna bera að svipta ákærða ökuleyfi sínu í 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnaraun skipaðs talsmanns síns, Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl., kr. 800.00.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Jónsson, greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 10 daga varðhaldi, greiðist sektin ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuréttindum sínum í 6 mánuði frá birtingu dómsins, og frestar áfrýjun ekki framkvæmd ökuleyfis-sviptingarinnar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnaraun skipaðs talsmanns síns, Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl., kr. 800.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.